

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Gufunes – Gufunesvegur 10 – USK25020368.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 27. mars 2025, breytingu á deiliskipulagi Gufunes vegna lóðarinnar nr. 10 við Gufunesveg. Í breytingunni felst stækkun á byggingareit (a), vegna stækkunar á skrifstofu og starfsmannaaðstöðu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hlemmur – Laugavegur 109 – USK25040399.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. maí 2025, breytingu á deiliskipulagi Hlemms vegna lóðarinnar nr. 109 við Laugaveg. Í breytingunni felst tilfærsla á sorpskýli í borgarlandi sem tilheyrir Laugavegi 109 (Norðurpóli). Sorpskýlið við norðvesturhorn lóðar er fært að austurhlið lóðarinnar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Nýr Landspítali við Hringbraut – Sóleyjartorg – USK25020348.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 15. maí 2025, breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut fyrir Sóleyjartorg. Tilfærslur eru gerðar frá fyrra skipulagi á stigatengingu milli sunnanverðs Sóleyjartorgs og bílakjallara undir Sóleyjartorgi (nr. 37). Breytingin gerir ráð fyrir lyftu- og stigaaðgengi á sér byggingarreit undir hýsi yfir nýjan yfirbyggðan tröppugang og lyftum sem tengja báðar hæðir bílakjallara við yfirborð torgssvæðisins norðan Borgarlínustöðvar á Burknagötu. Um leið helst aðgengi starfsmanna spítalans greitt í Meðferðarkjarnann (MFK) K1, aðgreint frá aðalinngangi/anddyrisbyggingu, sem styður við eina af meginforsendum í hönnun MFK um aðskilnað á ólíku flæði. Sóleyjartorgi er skipt í fjögur svæði eftir áherslum í notkun. 1. Efra torg við Hrafnsgötu er dvalar-, leik- og upplifunarsvæði ásamt hluta tröppumannvirkis sem tengist aðalinngangi, móttöku, mötuneyti og kaffiteríu MFK sem liggur við Hrafnsgötu, um 550 m<sup>2</sup>. Undir efra torginu er aðalhljólageymsla fyrir starfsmenn spítalans. 2. Miðtorg er rampa- og tröppusvæði útfært set-, dvalar- og upplifunarsvæði framan við anddyrisbyggingu MFK um 750 m<sup>2</sup>. 3. Aðkomusvæðið við aðalinngang meðferðarkjarna ásamt sérstökum inngangi bráðamóttöku með hringakstri og sleppistæðum í neyðarerindum. Einnig er aðkoma í ramp bílakjallarans sem og nýtt lyftu- og stigahús á svæðinu sem er um 1.600m<sup>2</sup>. 4. Suðursvæði myndast milli Borgarlínustöðvar og lyftu- og stigahúss og er aðkomu- og dvalarsvæði um 600 m<sup>2</sup>. Meginmarkmið á hönnun torgsins gengur út á að skapa samhengi, heild og flæði um allt torgið með áherslu á öruggt og greitt aðgengi almennings og eftir atvikum lögreglu í neyðarerindum. Einnig byggja undir fjölbreytileika og mismunandi upplifun í öruggu umhverfi fyrir gangandi og akandi, tryggja skýra hönnun með tilliti til rötunar í umhverfi sem hentar starfsfólki, sjúklingum og aðstandendum, borgarbúum og öðrum gestum. Öll hönnun og útfærsla á yfirborðsefnum og götugögnum torgsins skal vera einföld að gerð sem hindrar hvorki flæði né skapar hættu. Hýsið er almennt léttbyggt og skal skyggja sem minnst á aðalbyggingu Landspítalans. Þak skal vera léttbyggt og mynda skyggni yfir lyftudrym. Veggir eru úr gleri. Gert er ráð fyrir að hægt sé að mynda tímabundnar útfærslur á skjólmyndun með setaðstöðu við hýsið með léttum færanlegum götugögnum, t.a.m. bekkjum og sóltjöldum, allt eftir árstíðum og aðstæðum hverju sinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavíkurlflugvöllur – Þorragata 22 – USK25050120.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 3. júlí 2025, breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurlflugvallar vegna lóðarinnar nr. 22 við Þorragötu. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir birgðastöð verður aflagður en þess í stað verði birgðastöð með tveimur ofanjarðar olíutönkum á undirstöðum ásamt dæluhúsi komið fyrir á núverandi byggðarreit að Þorragötu 22 sem er skilgreindur sem olíuafgreiðsla samkvæmt greinagerð gildandi deiliskipulags. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3 mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 4. júní 2025.*

**Brynjar Þór Jónasson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 7. júlí 2025